

SKIPULAGSSKRÁ

Styrktarsjóðs Richard P. McCambly, O.C.S.O.

1. gr.

Stofnaðild o.fl.

Styrktarsjóður Richard P. McCambly, O.C.S.O., í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, er stofnaður af Richard P. McCambly, O.C.S.O. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að styrkja sjálfstætt starfandi fræðimenn á sviði hug- og félagsvísinda. Fræðimenn á sviði trúarbragðafræða og menningartengdra fræða skulu njóta forgangs um styrki úr sjóðnum.
2. Að styrkja fræðimenn eða rannsóknarstofnanir á sviði rannsókna á frumkristni.

3. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þeim dr. Clarence E. Glad, kt. 240656-5239, Fannafold 123, Reykjavík, og Kára Bjarnasyni, kt. 240860-5899, Strembugötu 27, Vestmannaeyjum. Skulu þeir sitja í stjórninni svo lengi sem þeir það kjósa. Seta þeirra í stjórninni kemur ekki í veg fyrir að þeir geti sótt um og fengið styrki úr sjóðnum. Komi til umsóknar frá öðrum hvorum þeirra eða báðum um styrki skal stjórn Reykjavíkur Akademíunnar ses. tilnefna eftir atvikum einn eða tvo aðila til að annast úthlutun styrkja það árið.

Við úthlutun styrkja skal stjórn vera einhuga um úthlutunina.

Gangi dr. Clarence E. Glad eða Kári Bjarnason úr stjórninni skal stjórn Reykjavíkur Akademíunnar ses. tilnefna stjórnarmann í staðinn.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir sem teknar eru.

Stjórn sjóðsins velur endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins miðast við almanaksár.

Stjórnarmönnum er heimilt að ákveða að þeir fái hæfilega þóknun fyrir störf sín í stjórninni. Þóknunin skal greidd af þeim fjármunum sem árlega er heimilt að ráðstafa til styrkveitinga úr sjóðnum.

4. gr.

Stofnframlag sjóðsins.

Stofnframlag sjóðsins eru allar eignir Richard P. McCambly, O.C.S.O., samtals 5.100.000 kr. og 80.000 bandaríkjadalir. Stofnframlag sjóðsins telst óskerðanlegt stofnfé sjóðsins.

5. gr.

Frekari fjáramlög.

Stjórn sjóðsins skal, í samvinnu við stjórn Reykjavíkur Akademíunnar ses. afla sjóðnum frekari fjáramлага frá öllum þeim sem vilja styrkja sjóðinn og tilgang hans.

Nr. 1270

9. janúar 2008

6. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum.

Styrkjum skal úthlutað úr sjóðnum hinn 10. janúar ár hvert, á degi heilags Gregóríusar frá Nyssa, í fyrsta sinn árið 2009.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum með góðum fyrirvara áður en úthlutað er.

Styrkþegar skulu hafa lokið meistaragráðu hið minnsta í fræðigrein sinni.

Stjórn sjóðsins hefur rétt á að hafna öllum umsóknum sem og að eiga frumkvæði að styrkveitingum.

7. gr.

Ávöxtun fjár.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti í samvinnu við stjórn Reykjavíkur Akademíunnar ses. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki, fjárfestingabanka eða viðskiptabanka að annast ávöxtun sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal upplýsa stjórn Reykjavíkur Akademíunnar ses. um stöðu sjóðsins eigi sjaldar en einu sinni á ári.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá og niðurlagning sjóðsins.

Skipulagsskrá þessari má breyta af stjórn sjóðsins. Stjórnin skal tilkynna klaustri stofnandans, St. Joseph's Abbey, Spencer, Massachusetts 01562, Bandaríkjunum, um allar breytingar.

Ákveði stjórn sjóðsins að leggja sjóðinn niður skal hún leita staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á því.

Verði sjóðurinn lagður niður skal stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa andvirði hans að höfðu samráði við stjórn Reykjavíkur Akademíunnar ses., í samræmi við tilgang hans.

9. gr.

Skráning sjóðsins.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hérl með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 9. janúar 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi M. Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. september 2009